

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Búðarstígur 18 - Nesbrú 4, breyting á deiliskipulagi Búðarstígs, Nesbrúar, Túngötu og Bakarísstígs.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 21. febrúar 2024, í samræmi við 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingu á gildandi deiliskipulagi við Nesbrú og Búðarstíg á Eyrarbakka, sem samþykkt var 11. október 2006. Skipulagssvæðið afmarkast af götunum Nesbrú, Túngötu, Bakarísstíg og Búðarstíg og er um 2,9 ha að stærð. Samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 nær deiliskipulagssvæðið til íbúðarbyggðar ÍB29 og er breytingin í samræmi við það. Breytingin felst í að lóðirnar Búðarstígur 18 og 18a eru sameinaðar í eina og verða eftir breytingu Búðarstígur 18. Auk þess felst breytingin í færslu á byggingarreit á lóðinni Nesbrú 4, þar sem fyrir er íbúðarhús ásamt frístandandi bílskúr. Breyting og færsla er gerð á byggingarreit sem nær nú umhverfis þegar byggðan bílskúr ásamt íbúðarhúsi. Skilmálar fyrir nýtt hús á lóð Búðarstígs 18 haldast óbreyttir, þ.e. þar er hægt að reisa íbúðarhús skv. lið B. Ný einbýlishús og endurgerð eldri húsa, sbr. kafla 3.2 um húsagerðir í greinargerð gildandi deiliskipulags. Þar segir: Stærð húsa að hámarki 200 m<sup>2</sup> auk skúrbygginga allt að 25-40 m<sup>2</sup>. Hús geta verið tveggja hæða með lágu risi, eða einnar hæðar með risi, þó ekki hærra en 7 m. Þau geta verið byggð á hlaðinn eða steypnan grunn með gólfkóta allt að 1,3 m yfir landhæð. Að öðru leyti gilda skipulags- og byggingarskilmálar gildandi deiliskipulags sem samþykkt var 11. október 2006 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. desember 2006, nr. 1038/2006.

*Víkurheiði 2, (Eyði-Mörk, L194375), óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 15. maí 2024, í samræmi við 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir athafnalóðir í Víkurheiði á Selfossi. Í breytingunni felst að byggingarreitur á austurhluta lóðar 2 færist til suðvesturs til að tryggja betri nýtingu lóðar og hagkvæmni varðandi aðkomu. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Aðeins er gerð breyting á uppdrætti deiliskipulagsins. Að undanskildum þeim breytingum sem fjallað er um hér gilda ákvæði í gildandi skipulagi.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 22. maí 2024.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. maí 2024